

Staðarreglur

- **Flaggstöng (Covid-19 frávik)** Óheimilt er að snerta flaggstöngina eða fjarlægja hana úr holunni. Ef flaggstöngin er snert fyrir slysi er það vítalaut.
- **Bolti í holu (Covid-19 frávik)** Við þær aðstæður þar sem holan er fódruð að innan, t.d. með svamphólk, og boltinn er í holunni, en ekki allur undir yfirborði flatarinnar þá er hann **í holu**. Meiri líkur en minni eru að hann hvíli upp við flaggstöngina og þá gildir regla 13.2c.
- **Bætt lega í glompu, færa um lengd kylfugrips (Covid-19 frávik)** Þar sem hrífur hafa verið fjarlægðar úr glompu og ástand hennar er mjög ójafnt þá má leikmaður taka vítalausa lausn einu sinni áður en höggið er slegið, með því að leggja upphaflega boltann innan lausnarsvæðis og leika honum þaðan. **Viðmiðunarstaður:** Staðurinn þar sem boltinn liggur (sjá reglu 14.1) **Stærð lausnarsvæðis**, mæld frá viðmiðunarstað: lengd kylfugrips (ekki púttar) frá viðmiðunarstað, en með eftirfarandi takmörkunum: **Takmörk á staðsetningu lausnarsvæðis**. Það má ekki vera nær holunni en viðmiðunarstaðurinn, og það verður að vera í glompunni. Þegar farið er eftir þessari staðarreglu verður leikmaðurinn að velja stað til að leggja boltann og fara eftir aðferðum við að leggja bolta aftur samkvæmt reglu 14.2b(2) og 14.2e. **Víti fyrir að leika bolta á röngum stað í bága við staðarregluna: Almennt víti samkvæmt reglu 14.7a.**
- **Vallarmarkahlutir eru girðingar og hvítar stikur.**
Lausn án vítis er ekki veitt frá vallarmarkahlutum eða hlutum vallar sem trufla leik. (Leika þarf bolta eins og hann liggur eða kaupa lausn, eitt vítahögg skv. Reglu 19).
- **Slegið í rafmagnslínu Regla 14.6.**
Ef vitað er eða nánast öruggt að bolti leikmanns hitti rafmagnslínu eða staur sem heldur línunni uppi við leik á 2. holu er höggið afturkallað vítalaut. Leikmaðurinn verður að leika að nýju þaðan sem fyrra högg var slegið (sjá reglu 14.6 um hvað eigi að gera).
- **Grund í aðgerð Regla 16.1.**
Blámerkt svæði. Leika má innan svæðisins en veitt er vítislaus lausn úr grund í aðgerð. Ómerkt skemmd svæði sem liggja upp að vegum og stígum með manngerðu yfirborði teljast samfelldar óeðlilegar vallaraðstæður þegar lausn er tekin samkvæmt reglu 16.1.
- **Eftirtaldir hlutir á vellinum eru óhreyfanlegar hindranir sem lausn er veitt frá samkvæmt reglu 16.1.**
Fjarlægðarmerkingar. Auglýsingaflögg og skilti. Ofaníbornir vegir og stígar. Jarðfastir steinar á snöggslegnu svæði á leið. Ruslafötur, bekkir og kúlupvottastandar. Ræsi og malarsvæði milli 10. og 11. brautar. Grænar stikur ásamt kaðli til að stýra umferð.
- **Óhreyfanlegar hindranir nærri flöt.**
Veitt er lausn skv. 16.1 ef bolti leikmanns er innan tveggja kylfulengda frá óhreyfanlegri hindrun (t.d. vatnsdreifikerfi) sem er innan tveggja kylfulengda frá flötinni.
- **Fallreitir eru viðbótarvalkostur**
Aftan við flötina á 6. holu vegna þjónustuvegar.

“Rules of golf as approved by R&A Limited and The United States Golf Association”.

Víti fyrir að leika bolta í bága við staðarreglur: Almennt víti

**Liðakeppni GO mót nr. 1 2021
Keppnisreglur og skilmálar.**

Vinsamlegast munið eftir almennum tilmælum vegna Covid 19

Leikfyrirkomulagið:

Punktakeppni: Tvö bestu skor liðs telja til stiga.

Færslur:

Leyfilegt er að færa um kyflulengd á öllum brautum ekki nær holu.

Leyfilegt er að færa á flötum um púttershaus ekki nær holu.

Kerrur og golfbílar:

1: Það er bannað að fara með golfkerrur upp á teiga.

2: Það er bannað að fara með golfkerrur á milli flatar og glompu.

Frágangur skorkorta:

Skrifið skorið skýrt og greinilega og vinsamlegast skilið kortum inn eins fljótt og auðið er.

Farsímanotkun er bönnuð nema til fjærlægðarmælinga og til að hringja í dómara.

Dómarar: Þórður Ingason. 825.2878 - Valdimar Júlíusson. 899-8376

Laufey Sigurðardóttir. 892-2888

Mótsstjóri Svavar Geir Svavarsson 821-5401 - Sími í skála: 585-0050

Víti fyrir að brjóta staðar og keppnisreglur: Almennt víti.